

**Sp.**

**86. Fyrirspurnir.**

[80. mál]

I. Til menntamálaráðherra um afskipti ríkisstjórnarinnar af fjármálum Ríkisútvarpsins.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

1. Hvaða heimild telur ríkisstjórnin sig hafa til að skerða tekjur Ríkisútvarpsins, eins og þær eru ákveðnar samkvæmt fjárhagsáætlun stofnunarinnar, sem Alþingi hefur staðfest?
2. Hvers vegna hefur menntamálaráðherra neitað að ákveða afnotagjöld sjónvarps og hljóðvarps fyrir árið 1972 samkvæmt tillögum stofnunarinnar, sem eru lagðar til grundvallar í fjárhagsáætlun Ríkisútvarpsins fyrir þetta ár og Alþingi hefur staðfest?
3. Er það stefna ríkisstjórnarinnar, að dregið verði úr rekstrarkostnaði Ríkisútvarpsins með sparnaði m. a. í dagskrárgerð til að mæta þeim tekjumissi á þessu ári, sem sú ákvörðun menntamálaráðherra veldur að ákveða afnotagjöld sjónvarps kr. 3100.00 og afnotagjöld hljóðvarps kr. 1300.00 í stað kr. 3600.00 og kr. 1650.00 eins og lagt var til og Alþingi hefur staðfest í fjárlögum fyrir árið 1972?

II. Til utanríkisráðherra um samning Íslands við Efnahagsbandalagið.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

Hvenær verður samningur sá, sem gerður hefur verið milli Íslands og Efnahagsbandalagsins og taka á gildi 1. janúar 1973, lagður fyrir Alþingi til staðfestingar?